

Hagall, Árni Reynisson ehf  
váttryggingamiðlun  
Skiptaholt 50d  
Pósthólf 1166  
121 Reykjavík  
Sími 5511110 fax 5511123

# Starfstrygging

## Starfstengd sjúkra- og slysaörorkutrygging

### Váttryggingarskilmálar

Price Forbes & Partners  
Limited  
2 Minster Court  
London EC3R7PD  
England UK

## Almennir skilmálar

## Gilda um A og B hluta

**Varúð** - Váttryggður skal ávallt gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys, tjón, eyðileggingu og skaða.

**Tjón** - Þegar atburður gerist sem líklegur er til að verða grundvöllur kröfu skal váttryggður:

a) tilkynna váttryggjendum það skriflega eins skjótt og auðið er, láta í té öll gögn og upplýsingar, skjöl og annað á sinn kostnað og gera allt sem váttryggjendur krefjast af honum með sanngírni.

b) sé þess óskað skal hinn váttryggði gangast undir lækni- og lyfjakostnað á vegum váttryggjenda á sinn kostnað hvað varðar allt meint líkamstjón eða sjúkdóm.

**Tvíttrygging** - Ef önnur váttrygging, sem veitir vernd gegn sama tjóni, er í gildi þegar krafa er sett fram samkvæmt váttryggingu þessari, er váttryggjendum óskilyrt að greiða eða leggja af mörkum annað en eigið hlutfall sitt af bóttum vegna þeirrar kröfu, ásamt kostnaði og útgjöldum tengdum henni.

**Uppsögn** - Váttryggingartaki getur sagt upp þessari váttryggingu hvenær sem er með skriflegri tilkynningu eða afhendingu váttryggingarskrá. Tilkynna verður Árna Reynissyni ehf skriflega um slíkt með 7 daga fyrirvara. Öll iðgjöld sem gjaldfallin eru vegna liðins váttryggingartíma verða reiknuð samkvæmt skammtímagjaldskrá eða á þann hátt sem Árni Reynisson ehf telur rétt vera.

**Breyttar aðstæður** - Ef þeim aðstæðum sem váttryggingin er tekin við, er breytt í verulegum atriðum án þess að skriflegs samþykkis váttryggjenda hafi verið aflað, er váttryggingarverndin ógildanleg.

**Trúnaður** - Það er forsenda skyldu váttryggjenda að greiða fé samkvæmt váttryggingu þessari að skilmálum hennar, skilyrðum og takmörkunum sé réttilega fylgt og hlítt að því marki sem þau ákvæði varða nokkuð það sem váttryggðum ber að gera og fylgja og að yfirlýsingar og svör í umsókn séu sönn og rétt. Váttryggingartaka ber að tilkynna Árna Reynissyni ehf eins og skjótt og unnt er allar breytingar á áhættu varðandi hinn váttryggða, þ.m.t. breytingar á aðsetri, venjulegri atvinnu (eins og greint er frá í meðfylgjandi skírteini) eða um leið og hann hættir atvinnuþátttöku eða fer á eftirlaun.

**Svik** - Reynist krafa samkvæmt váttryggingu þessari sviksamleg að einhverju leyti, eða ef váttryggður eða einhver sem kemur fram fyrir hans hönd beitir sviksamlegum ráðum eða aðferðum, er allri vernd samkvæmt váttryggingunni fyrirgerð.

**Lögsaga og kvartanir** - Váttryggingarsamningur þessi lýtur íslenskum lögum og ber að túlka hann samkvæmt þeim og er samningurinn jafnframt háður lögsögu dómstóla á Íslandi. Fyrirspurnir eða kvartanir ber fyrst að senda Árna Reynissyni ehf. Ef þér eruð ekki sátt/ur við hvernig greitt hefur verið úr kvörtun, getið þér óskað þess við kvörtunar- og ráðgjafadeild Lloyd's, One Lime Street, London EC3M 7HA, að hún yfirfari málið án þess að réttindi yðra samkvæmt lögum séu skert.

**Sönnunarkrafa** - Váttryggður skal á sinn kostnað láta í té öll vottorð, upplýsingar og gögn, í því formi sem váttryggjendur krefjast, til stuðnings kröfu. Váttryggður skal eins og váttryggjendur krefjast gangast undir lækni- og lyfjakostnað á vegum váttryggjenda. Látist váttryggður eiga váttryggjendur rétt á að láta krufningu fara fram á sinn kostnað, þar sem slíkt er ekki bannað með lögum.

**Orðalag** - Þó svo að umsókn um váttryggingu sé einungis lögð fram á grundvelli einnar eða nokkurra greina váttryggingarskráteinisins ber engu að síður að skoða orðalag váttryggingarskráteinisins í heildrænu samhengi.

**Fjólábyrgðartilkynning**: Skyldur váttryggjenda samkvæmt undirrituðum váttryggingarsamningi eru fjölmargar og ekki tengdar og takmarkast eingöngu við umfang hverrar undirritunar. Undirritaðir váttryggjendur eru ekki ábyrgir gagnvart undirritun annarra meðváttryggjenda sem af einhverjum ástæðum uppfyllir ekki allar eða hluta af skyldum sínum.

**EU upplýsingaákvæði**: Aðilar mega kjósa þau lög sem eiga við um þennan váttryggingarsamning. Ef annað er ekki tekið fram lýtur þessi váttrygging íslenskum lögum.

Undantekning vegna kjamorku/efna/sýkluhemaðar: Það er samþykkt, óháð ástæðum, að þessi váttrygging veitir ekki vernd gagnvart kröfu(m) á neinn hátt sem verða til vegna hryðjuverka sem fela í sér notkun eða losun eða hótun þar að lútandi á kjamorkuvopni eða tæki eða efna- eða sýklavopni.

\*\*Hryðjuverk merkir aðgerð, sem nær til en takmarkast ekki við notkun ofbeldis og/eða hótun um það, af hálfu einstaklings eða hóps (hópa) einstaklinga sem eru á vegum eða tengdir einhverjum samtökum eða stjórnmöldum, af pólitískum, trúarlegum, hagsjónalegum eða þjóðernislegum ástæðum eða í þeim tilgangi að hafa áhrif á stjórnmöld og/eða hræða almenning eða einhvern hluta af almenningi.

Undantekningar vegna stríðs, hryðjuverka og geryðingavopna:

Þrátt fyrir einhver ákvæði sem ganga í berðugg við orðalag þessa váttryggingarskráteinis eða framsal þess að einhverju leyti, er samþykkt að þessi vernd nær ekki til tjóns eða útgjalda af einhverjum völdum, beinum eða óbeinum, tengdum, sem orsök eða afleiðing eða í tengslum við eitthvert af eftirfarandi án tillits til einhverra annarra orsaka eða atvika sem áttu samverkandi þátt í tjóninu eða útgjöldunum eða í einhverju öðru samhengi.

1. Stríð, átök eða stríðslegar aðgerðir (hvort sem stríði er lýst yfir eða ekki). 2. Innrás. 3. Aðgerð óvinnar af öðru þjóðerni en váttryggði eða í öðru landi, eða yfir, þar sem aðgerðin á sér stað. 4. Borgarastríð. 5. Uppbrot. 6. Vopnuð uppreisn. 7. Valdarán. 8. Bylting. 9. Löglegum stjórnmöldum steypt. 10. Borgaraóeirðir sem samsvara uppbrotum. 11. Her eða valdarán. 12. Sprengingar stríðsvopna. 13. Notkun kjamorku-, efna- eða sýklageryðingavopna án tillits til skiptingu þeirra eða tengsla. 14. Morð eða árás sem er ótvírætt af völdum fulltrúa ríkis af öðru þjóðerni en váttryggða hvort sem stríði er lýst yfir við þetta ríki eða ekki. 15. Hryðjuverk.

Til skýringar á þessum undantekningum;

i) Hryðjuverk tákna aðgerð eða aðgerðir af , af hálfu einstaklings eða hóps (hópa) einstaklinga sem eru á vegum eða tengdir einhverjum samtökum eða stjórnvöldum, af pólitískum, trúarlegum, hugsjónalegum eða þjóðernislegum ástæðum eða í þeim tilgangi að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða hræða almenning eða einhvern hluta af almenningi. Hryðjuverk geta náð til en takmarkast ekki við beina beitingu ofbeldis og/eða hótun á beitingu ofbeldis. Enn fremur geta hryðjuverkamenn ýmist verið einir að verki eða á vegum eða í tengslum við einhver samtök eða stjórnvöld.

ii) Notkun kjarnorkugereyðingarvopna tákna notkun sérhvers kjarnorkusprengjuvopns eða tækis eða útsendingu, skot, dreifingu, losun eða leka kjarnkleyfs efnis sem veldur geislun í magni sem getur valdið fötlun eða dauða fólks eða dýra.

iii) Notkun efnagereyðingarvopna tákna útsendingu, skot, dreifingu, losun eða leka sérhvers fasts, fljótandi eða loftkennds efnis sem, með hæfilegri dreifingu getur valdið óhæfandi fötlun eða dauða fólks eða dýra.

iv) Notkun sýklagereyðingarvopna tákna útsendingu, skot, dreifingu, losun eða leka á sérhverjum sýkjandi örverum og/eða líffræðilega framleiddum eiturefnum (þar á meðal erfðabreyttum lífverum og tilbúnum eiturefnum) sem geta valdið óhæfandi fötlun eða dauða fólks eða dýra.

Einnig er undanskilið hvers konar tjón eða útgjöld sem beint eða óbeint hljótast af eða tengjast eða orsakast eða eru afleiðing eða í tengslum við sérhverjar aðgerðir til að hemja, hindra eða bæla niður eitthvað eða allt sem nefnt er í liðum 1 til 15 hér að framan.

Ef einhver hluti af þessu undantekningarákvæði telst ógilt eða óframkvæmanlegt skulu aðrir hlutar þess vera áfram í fullu gildi.

## A HLU TI - PERSÓNUBUNDIN SLYSA- OG SJÚKRATRYGGING

1. Til endurgjalds fyrir greiðslu hins ákveðna iðgjalds eða iðgjalda og samkvæmt þeim skilmálum, skilyrðum og undantekningum sem hér er mælt fyrir um, koma váttryggjendur og váttryggingartaki sér saman um, að því marki og á þann hátt sem hér er kveðið á um, að ef hinn váttryggði verður fyrir líkamstjóni eða sjúkdómi eins og hér er tilgreint muni váttryggjendur greiða váttryggingartaka, bústjóra hans eða fjárhaldsaðila (ef við á) viðeigandi bætur eins og nánar er tilgreint í skirteini því sem hér fylgir og telst hluti váttryggingarskirteinis þessa.

### 2. SKILGREININGAR samkvæmt váttryggingu þessari:

2.1 „Andlát af slysförum“ merkir andlát hins váttryggða vegna líkamstjóns.

2.2 „Alger varanleg örorka“ og „alger varanlegur öryrki“ merkir algera líkamlega örorku hins váttryggða vegna líkamstjóns eða sjúkdóms, sem kemur að fullu í veg fyrir að hinn váttryggði ræki venjulega atvinnu sína eins og kveðið er á um í skirteini og sem annað hvort varir stöðugt í tólf mánuði án þess að nein von sé um bata að þeim tíma liðnum, eða er samkvæmt úrskurði váttryggjenda þar um, eða þegar váttryggjendur úrskurða hinn váttryggða varanlega algeran öryrki hvort heldur á sér fyrr stað.

2.3 „Missir auga, augna eða sjónar og/eða útlíma“ merkir tap vegna líkamlegs aðskilnaðar eða algert og óbætanlegt tap á augum eða sjón og/eða útlímum eða notkun þeirra, eins og tiltekið er í þeim Bótakvarða sem hér er innifalinn.

2.4 „Alger tímabundin örorka“ og „alger tímabundinn öryrki“ merkir örorku hins váttryggða vegna líkamstjóns eða veikinda, sem koma að fullu í veg fyrir að hinn váttryggði ræki venjulega atvinnu sína eins og kveðið er á um í skirteini. Komi líkamstjón eða sjúkdómur fyrst fram á váttryggingartímanum, muni váttryggjendur eftir framlengingartíma þann sem tilgreindur er í skirteini, greiða hinum váttryggða vikulegar greiðslur eins og skirteini kveður á um.

2.5 „Slys“ merkir sérstakan, skyndilegan, óvenjulegan atburð sem ekki var búist við og gerist á ákveðnum stað og tíma.

2.6 „Líkamstjón“ merkir greinanlegan skaða á líkama sem stafar af slysi og gerist meðan váttrygging þessi er í gildi, og sem einn sér og óháð nokkurri annarri orsök (nema um sé að ræða veikindi sem stafa beint af líkamstjóninu eða læknisaðgerðir sem líkamstjónið gerir nauðsynlegar) veldur andláti eða örorku hins váttryggða innan tólf mánaða frá slysdegi.

2.7 „Veikindi“ merkir veikindi eða sjúkdóm hins váttryggða sem kemur fram meðan váttryggingin er í gildi og veldur örorku hins váttryggða innan tólf mánaða frá því að þau koma fram.

2.8 „Váttryggður“ merkir þann sem hin tilgreinda váttryggingaráhætta lýtur að, og sem nafngreindur er í skirteini.

2.9 „Váttryggingartaki“ merkir þann þriðja aðila sem tekur váttrygginguna fyrir hönd hins váttryggða og er tilgreindur í skirteini, ef við á. Þegar ekki er um það að ræða að þriðji aðili, „váttryggingartaki“, taki váttrygginguna og váttryggður sjálfur tekur váttryggingu, merkir tilvísun til „váttryggingartaka“ tilvísun til „váttryggðs“ og gildir váttryggingin í samræmi við það.

2.10 „Biðtími“ merkir þann dagafjölda sem tilgreindur er í skirteini við upphaf hvers einstaks tímabils tímabundinnar algerrar örorku sem bætur greiðast ekki fyrir. Ef tímabundin alger örorka vegna sama líkamstjóns eða veikinda kemur aftur fram innan 180 daga frá bata skal enginn biðtími gilda.

2.11 „Hámarks bótatími“ merkir hámarksvikufjölda vegna allra líkamstjóna eða veikinda er valda tímabundinni algerri örorku sem váttryggjendur skulu greiða bætur vegna.

2.12 „Váttryggjendur“ merkir hina ýmsu váttryggjendur og/eða aðila að Lloyds of London sem aðild eiga að samningi þessum.

2.13 „Heilsufarsástand sem fyrir var“ merkir vanhæfi sem ella félli undir váttryggingu þessa og sem stafar að öllu leyti eða að hluta af sjúkdómi eða líkamstjóni eða tengdu ástandi, sem annað hvort var fyrir hendi eða fyrirsjáanlegt áður en váttryggingin tók gildi, eða eins og lýst var í eyðublaði fyrir umsókn.

**3. SKILMÁLAR:** Eftirfarandi almennir skilmálar eru forsendur bótaábyrgðar váttryggjenda samkvæmt váttryggingu þessari:

3.1 Tilkynna verður váttryggjendum eins fljótt og með sanngirmi er unnt um hvert það slys eða þann sjúkdóm sem orsakar eða kann að orsaka örorku eða líkamstjón í skilningi váttryggingar þessarar, og verður váttryggður eins fljótt og unnt er að leita til hæfs og sjálfstæðs læknis til umönnunar. Tilkynna verður váttryggjendum eins fljótt og með sanngirmi er unnt um andlát váttryggðs sem stafar af eða haldið er fram að stafi af slysi.

3.2 Það er forsenda fyrir skyldu váttryggjenda að greiða váttryggingartaka eða fulltrúum hans bætur, að allar læknaskrár, gögn og bréfavíðskipti sem vísa til efnis kröfu eða tengjast fyrri heilsufarsástandi verði samkvæmt beiðni afhent þeim læknisfræðilega ráðgjafa sem váttryggjendur kunna að tilnefna eða tilnefndur kann að vera fyrir þeirra hönd, og að þeim ráðgjafa eða ráðgjöfum sé heimilað að skoða váttryggðan eins oft og nauðsynlegt kann að vera talið.

3.3 Váttryggjendur skulu á sinn kostnað eiga rétt á og tækifæri til að skoða hvern þann váttryggðan, sem þjáist af því líkamstjóni eða þeim sjúkdómi er myndar grundvöll kröfu, þegar og eins oft og þeir krefjast meðan krafa samkvæmt váttryggingunni er til meðferðar, og framkvæma krufningu ef um andlát er að ræða, sé það ekki bannað með lögum.

3.4 Bótakrafa samkvæmt váttryggingu þessari vegna varanlegrar algerrar örorku er háð samþykki tveggja óháðra læknisfræðilegra athugenda, og skal annar þeirra tilnefndur af váttryggðum en hinn af váttryggjendum. Geti hinir framangreindu óháðu læknisfræðilegu athugendur ekki orðið sammála um það álit að váttryggður sé varanlega alger öryrki, skulu þeir tilnefna þriðja læknisfræðilega athugandann og skal álit hans endanlegt og bindandi fyrir alla aðila. Váttryggjendur eða hinn váttryggði áskilja sér rétt, á sitt eindæmi, til að fara eins að varðandi sérhverja bótakröfu vegna tímabundinnar algerrar örorku sem gerð er samkvæmt váttryggingu þessari.

3.5 Váttryggingin nær aðeins til bóta samkvæmt liðum 1 – 9 í skirteini ef fjárhæð er tilgreind við þá í tryggingalýsingu. Taki váttryggingin ekki til þeirra eru sett þar inn orðin „ekki váttrygt“. Þrátt fyrir það sem þar kann að vera tilgreint gilda eftirfarandi takmarkanir:

3.5.1 Bætur greiðast ekki samkvæmt fleiri liðum en einum af liðum 1, 2, 3, 4, og 5 í skirteini.

3.5.2 Bætur greiðast aðeins samkvæmt annað hvort lið 6 eða lið 7 í skirteini vegna sama tíma.

3.5.3 Bætur kunna að greiðast samkvæmt lið 6 eða lið 7 til viðbótar við bætur samkvæmt lið 1. Bætur samkvæmt lið 6 eða 7 falla þó niður við andlát váttryggðs.

3.5.4a Bætur samkvæmt lið 6 eða 7 kunna að greiðast til viðbótar við en ekki samtímis bótum samkvæmt liðum 2 eða 3. Allar bætur sem greiðast frá 53. viku dragast frá heildarupphæð samkvæmt liðum 2 eða 3.

3.5.4b Bætur samkvæmt lið 6 eða 7 kunna að greiðast til viðbótar við bætur samkvæmt liðum 4 eða 5.

3.5.5 Bætur samkvæmt liðum 6 eða 7 er greiða skal fyrir hluta úr viku verða greiddar miðað við einn sjöunda hluta hinna vikulegu bóta fyrir hvern örorkudag sem váttryggjendur eru bótaskyldir vegna.

3.5.6 Bætur samkvæmt liðum 8 eða 9 kunna að greiðast til viðbótar öðrum bótum, en falla niður við andlát váttryggðs.

3.5.7 Frá þeim degi þegar hinn váttryggði er úrskurðaður varanlegur alger öyrki falla bætur samkvæmt liðum 6 og 7 niður miðað við þann dag.

3.5.8 Í þeim tilvikum þegar hagsmunir samkvæmt lið 1 í skirteini eru ekki váttryggðir, verða engar bætur greiddar með hliðsjón af liðum 2 eða 3 eða 4 eða 5, í þeim tilvikum að hinn váttryggði láti lífið vegna slyss.

3.5.9 Heildarfjárhæð sem greidd verður samkvæmt liðum 1 eða 2 eða 3 eða 4 eða 5 eða 8 eða 9 að því er varðar eina eða fleiri bótakröfur má ekki vera hærrí en hæstu bætur samkvæmt einhverjum liðanna 1 eða 2 eða 3 eða 4 eða 5 eða 8 eða 9 í skirteini.

3.6 Váttryggingarsamningur þessi lýtur íslenskum lögum og verður túlkaður í samræmi við þau og er háður lögsögu dómstóla á Íslandi. Fyrirspurnir eða kvartanir ber fyrst að senda Árna Reynissonar ehf. Ef þér eruð ekki sátt/ur við hvernig greitt hefur verið úr kvörtun, getð þér óskað þess við kvörtunar- og ráðgjafardeild Lloyd's, One Lime Street, London EC3M 7HA, að hún yfirfari málið án þess að skert séu réttindi yðar samkvæmt lögum.

3.7 Váttryggingarskirteini þetta, að meðtöldum áritunum og fylgiskjöllum auk eyðublaðs fyrir umsókn, ef um það er að ræða, felur í sér samninginn í heild sinni. Engin breyting á váttryggingarskirteini þessu öðlast gildi uns hún verður samþykkt af Árna Reynissyni ehf og samþykkið sé áritað á það eða fest við það. Enginn hefur heimild til að breyta váttryggingarskirteini þessu eða neinum skilmálum þess eða skilyrðum öðru vísí en samkvæmt lögformlegu umboði Árna Reynissonar ehf.

3.8 Svik, launung eða vísítandi röng yfirlýsing af hvaða tagi sem er, annað hvort í þeirri umsókn sem váttrygging þessi er byggð á eða í tengslum við hvert annað málefni, sem áhrif hefur á váttryggingu þessa, eða framlagningu bótakröfu samkvæmt henni, ógildir hana, og er þá fyrirgert öllum kröfum samkvæmt henni.

3.9 Váttryggður er talinn hafa náð bata þegar hann getur gegnt starfsskyldum sínum og athöfnum tengdum venjulegri atvinnu sinni eins og hún er tilgreind í skirteini.

3.10 Fari váttryggður að stunda starf, íþrótt, tómsundaiðkun eða athafnir sem fela í sér meiri áhættu en við venjubundið starf, sem tilgreint er í skirteini, án þess að tilkynna það Árna Reynissyni ehf fyrirfram og afla skriflegs samþykkis þess fyrir hönd váttryggjenda (og eftir greiðslu þess viðbótariðgjalds sem váttryggjendur kunna með sanngirni að krefjast til endurgjalds fyrir samþykkið) skulu engar bætur greiddar vegna líkamstjóns eða sjúkdóms sem á rætur að rekja til þess starfs, íþróttar, tómsundaiðkunar eða athafnar eða eiga sér þar stað.

3.11 Karlkynsorð fela í sér kvenkynsmerkingu þar sem það á við.

3.12 Bótagreiðslur bera ekki vexti

**4. UNDANTEKNINGAR:** Váttrygging þessi gildir ekki um andlát eða örorku sem beint eða óbeint á rætur að rekja til, fylgir eða er að hluta til afleiðing af:

4.1 Geislamengun;

4.2 því, að váttryggður fremur sjálfsvíg eða reynir það, eða veldur sér vísítandi líkamlegum skaða;

4.3 því, að váttryggður er fatlaður að öllu leyti eða hluta af hverju því einkenni sem orsakast af, framlengist eða versnar vegna geðræns sjúkdóms eða tilfinningalegra vandamála eða hegðunarvandamála;

4.4 því, að váttryggður kemur sér vísítandi í sérstaklega mikla hættu (nema í tilraun til að bjarga mannlífi), eða váttryggður fremur sjálfur refsiverðan verknað;

4.5 því, að váttryggður er undir meiri áhrifum áfengis en sem nemur þeim mörkum sem lög kveða á um varðandi akstur vélknúins ökutækis í því landi þar sem váttryggður á lögheimili;

4.6 því, að váttryggður er undir áhrifum lyfja eða fíkniefna sem ekki er unnt að fá á löglegan hátt eða sem óháður, hæfur læknir hefur ekki ávísað honum eða hann ekki tekið inn í samræmi við fyrirmæli læknis;

4.7 Tímabundinni algerri örorku váttryggðs sem orsakast af þungun, barnsförum, misheppnaðri fæðingu eða fósturláti, og einnig varanlegri algerri örorku váttryggðs sem orsakast af þungun, barnsförum, misheppnaðri fæðingu eða fósturláti, nema hin varanlega algera örorka stafi af samverkandi læknisfræðilegum þáttum;

4.8 Andlát váttryggðs vegna veikinda.

4.9 því, að váttryggður er liðsmaður í sjóher, landher eða flugher eða tekur þátt í aðgerðum sjóhers, landhers eða flughers.

4.10 því, að váttryggður fremur refsiverðan verknað eða gerir tilraun til þess.

4.11 Heilsufarsástandi sem fyrir var. Þó skal ekki líta svo á að meiðsl eða veikindi, sem meðferð hefur ekki verið veitt við eða mælt með af lækni undanfama 30 mánuði áður en váttrygging tók gildi varðandi hinn váttryggða, teljist til heilsufarsástands sem fyrir var, nema sérstök undantekning sé um það gerð.

4.12 Sjúkdómi sem hinn váttryggði fær eftir 65. afmælisdag sinn.

## BÓTAKVARÐI

Hlutfallstala þeirrar fjárhæðar sem greiðist í váttryggingarbætur samkvæmt 4. eða 5. lið Tryggingarlýsingar á skírteini vegna missis auga, augna eða sjónar, og/eða útlíma, skal vera eftirfarandi:

### Varanleg alger örorka

Alger blindi á báðum augum	100%
Ólæknanleg geðveiki	100%
Missir beggja handa eða beggja fóta	100%
Algert heymartap á báðum eyrum vegna áverka	100%
Missir neðri kjálka	100%
Missir máls	100%
Missir eins handlegs og eins fótlegs	100%
Missir eins handlegs og eins fótár	100%
Missir einnar handar og eins fótár	100%
Missir einnar handar og eins fótlegs	100%
Missir beggja fótleggja	100%
Missir beggja fóta	100%

### Varanleg örorka – Höfuð

Missir höfuðbeins í fullri þykkt:	
Flatarmál a.m.k. 6 cm <sup>2</sup>	20%
Flatarmál 3 – 6 cm <sup>2</sup>	10%
Flatarmál innan við 3 cm <sup>2</sup>	10%
Missir neðri kjálka að hluta, hækkunarhluti í heild eða hálf kjálkabein	20%
Missir eins auga	40%
Algert heymartap á öðru eyra	10%

### Varanleg örorka - Hendur og handleggir

	Hægri	Vinstri
Missir eins handlegs eða einnar handar	50%	40%
Verulegur missir á beinvef í handlegg/hönd (afmarkaður og óbætanlegur skaði)	30%	20%
Alger lömun handlegs og handar (óbætanlegur taugaskaði)	45%	35%
Alger lömun axlarvöðva	15%	10%
Stíflíður í öxl	20%	15%
Ónbogastíflíður í góðri stöðu (15° umhverfis rétt horn)	15%	10%
Í slæmri stöðu	25%	20%
Mikill missir á beinvef í hinum tveimur framhandleggsbeinum (afmarkaður og óbætanlegur skaði)	20%	15%
Alger lömun miðtaugar	25%	15%
Alger lömun sveifartaugar við snúningshólk	25%	20%
Alger lömun sveifartaugar í framhandlegg	20%	15%
Alger lömun sveifartaugar í hönd	15%	10%
Alger lömun ölnartaugar	20%	15%
Stífur úlnliður í góðri stöðu (bein hönd og lófi niður)	15%	10%
Stífur úlnliður í slæmri stöðu (beygd hönd eða teygð og útrétt eða lófi upp)	20%	15%
Alger missir þumalfingurs	15%	10%
Missir þumalfingurs að hluta (fjærkjúka)	10%	5%
Stífur þumalfingur	15%	10%
Algert brottnám vísifingurs	10%	5%
Brottnám tveggja kjúkna í vísifingri	10%	8%
Brottnám nærkjúku vísifingurs	5%	3%
Brottnám þumals og vísifingurs samtímis	25%	15%
Brottnám þumals og annars fingurs en vísifingurs	15%	10%
Brottnám tveggja fingra annarra en þumals og vísifingurs	10%	6%
Brottnám þriggja fingra annarra en þumals og vísifingurs	15%	10%
Brottnám fjögurra fingra, þ.m.t. þumals	25%	15%
Brottnám fjögurra fingra annarra en þumals	15%	10%
Brottnám löngutangar	10%	8%
Brottnám baugfingurs eða litlafingurs	7%	3%

### Varanleg örorka -Fótleggir og fætur

Brottnám fótár við efri hluta læris	60%
Brottnám fótár við neðri hluta læris	50%
Alger fótarmissir (milli sköflungs og háristar)	35%
Missir fótár að hluta (undir ökklaþeini)	25%

Missir fótár að hluta (um miðja rist)	20%
Missir fótár að hluta (á mótum ristar og ristarleggsliðar)	15%
Alger lömun fótlegs og fótár (óbætanlegur taugaskaði)	60%
Alger lömun dálktaugar	20%
Alger lömun sköflungstaugar	15%
Alger lömun tveggja tauga (dálktaugar og sköflungstaugar)	25%
Stífur mjaðmarliður	25%
Stífur hnjáliður	15%
Missir beinvefs lærlegs eða sköflungs og sperrlegs (óbætanlegt ástand)	35%
Missir beinvefs úr hnéskel þar sem aðskilnaður beinhluta er talsverður og verulega er erfitt að rétta úr fótleggnum	25%
Missir beinvefs úr hnéskel án skertrar hreyfigetu	15%
Stytting fótlegs um a.m.k. 5 cm	30%
Stytting fótlegs um 3 – 5 cm	20%
Stytting fótlegs um 1 – 3 cm	10%
Algert brottnám allra taa	15%
Brottnám fjögurra taa að stórutá meðtalinni	10%
Brottnám fjögurra taa	10%
Brottnám stórutáar	10%
Brottnám tveggja taa	5%
Brottnám einnar taa annarrar en stórutáar	3%

Stíflíður í fingri (annars en þumals eða vísifingurs) eða taa (annarrar en stórutáar) veitir váttryggingu aðeins rétt á hálfum þeim bótum sem greiðast myndu fyrir missi viðkomandi fingurs eða taa.

Önnur varanleg örorka en sem að ofan er getið bætist eftir alvarleika hennar í samanburði við það sem tilgreint er án tillits til atvinnu váttrygginga.

Alger eða hlutbundin "virkni" örorka sem ekki er tilgreind í Bótaskrá á útlím eða líffæri er metin eins og alger missir viðkomandi útlíms eða líffæris eða að hluta til.

Heildarbætur vegna margs konar örorku er stafar af sama slysi skulu reiknaðar með því að leggja hinar ýmsu fjárhæðir saman, en þær skulu þó samanlagt ekki fara fram úr þeirri heildarfjárhæð sem tilgreind er í lið 2 í Bótaviðauka.

Sé hinn váttryggði örvhentur skal víxla þeim hlutföllum sem tilgreind eru um hina ýmis konar örorku hægri og vinstri handlegs og handar.

## B HLUTI – NEYÐARTRYGGING LÆKNISKOSTNAÐUR OG KOSTNAÐUR VEGNA HEIMFLUTNINGS

- Sjá sérstakt framhaldsblað.

Hagall er skrásett vörumerki  
váttryggingarmiðlunarinnar Árni Reynisson ehf.  
Kt: 541200-2820